

Tillaga að barnamenningardögum á Suðurlandi

From Lína Björg Tryggvadóttir <linabjorg@sass.is>

Date Tue 2026-01-06 15:11

To stefan@klaustur.is <stefan@klaustur.is>; Kristín Vala Þrastardóttir <kristinvala@hornafjordur.is>; simmi@hvolsvollur.is <simmi@hvolsvollur.is>; olafurorn@hvolsvollur.is <olafurorn@hvolsvollur.is>; osp@ry.is <osp@ry.is>; johann@ry.is <johann@ry.is>; ragnhildur@fludir.is <ragnhildur@fludir.is>; hronn@skeidgnup.is <hronn@skeidgnup.is>; ottar@gogg.is <ottar@gogg.is>; sigridurhj@hveragerdi.is <sigridurhj@hveragerdi.is>; ragnar@olfus.is <ragnar@olfus.is>; Margrét Blöndal <margretb@arborg.is>; ernag@vestmannaeyjar.is <ernag@vestmannaeyjar.is>; tomstund@vik.is <tomstund@vik.is>; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>

Cc Eva Bjarnadóttir <eva@nyheimar.is>; Helga Kristín Sæbjörnsdóttir <helga@hfsu.is>; Hugrún Harpa Reynisdóttir <hugrunharpa@nyheimar.is>; Hörður Bald <hbald@setur.is>; Margrét Polly Hansen (polly@hfsu.is) <polly@hfsu.is>; Raket Theodórsdóttir <raket@sveitir.is>; Stefán Friðrik Friðriksson <stefanf@hvolsvollur.is>; Unnur Blandon <unnurb@klaustur.is>

Komið þið sæl,

Þið fáið þennan póst þar sem sveitarfélögin hafa bent á ykkur sem þá aðila sem fara með menningar- og/eða tómstundamál hjá sveitarfélaginu.

Árborg hyggst halda barnamenningarhátíð næsta vor og í því samhengi höfum við verið að velta fyrir okkur hvort mögulegt væri að tengja öll sveitarfélög á Suðurlandi saman í sameiginlega barnamenningadaga..

Hugmyndin er að á sama tímabili, í tengslum við barnamenningarhátíðina í Árborg, verði eitthvað að gerast í barnamenningu í öllum sveitarfélögum á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að aðaldagur hátíðarinnar í Árborg verði sumardagurinn fyrsti, en viðburðir gætu farið fram dagana þar í kring, hvert sveitarfélag með sínum hætti. Þetta gætu verið viðburðir sem sveitarfélögin eru þegar með á dagskrá, eða einfaldari innslög sem tengjast listum, menningu, sköpun eða þátttöku barna og ungmenna.

Með þessum pósti erum við hjá SASS fyrst og fremst að kanna:

- hvort áhugi sé fyrir hendi hjá sveitarfélagunum til að taka þátt í slíkri samvinnu, og
- hvort fulltrúar (menningar-, tómstunda- eða aðrir viðeigandi aðilar) hefðu tök á að taka þátt í sameiginlegri umræðu/vinnuhópi um framhaldið.

Áherslan er á samstarf, samnýtingu hugmynda og að skapa sýnileika fyrir barnamenningu á Suðurlandi í heild, án þess að leggja óhóflegt álag á einstök sveitarfélög. Hægt væri að prufa að sækja um í Barnamenningarsjóði sem er með umsóknarfrest 20. mars 2026.

Endilega látið mig vita hvort þetta vekur áhuga og hver væri réttur tengiliður hjá ykkur ef halda ætti áfram með hugmyndina. Í framhaldinu mun ég senda þeim aðilum fundarboð til að móta hugmyndina betur, enda mikilvægt að hefja undirbúning tímanlega fyrir viðburð sem þennan.

Með kveðju

